

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/691
komudagur 13.12.2013

Alþingi við Austurvöll
Umhverfis- og skipulagsnefnd
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 13. desember 2013

Athugasemdir við frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013
(Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014)

Við undirrituð mótmælum því að lög um náttúruvernd nr. 60/2013 verði afturkölluð og taki ekki gildi eins og að var stefnt þegar Alþingi samþykkti þau síðastliðið vor. Aldrei hafa frumvörp til náttúruverndarlaga verið unnin eins vandvirknislega og af eins mikilli yfirsýn og fagmennsku og umrædd lög og nægir að nefna bókina: *Náttúruvernd, hvítbók um löggjöf til verndar náttúru landsins* því til staðfestingar. Gildistaka náttúruverndarlaganna yrði mikil réttarbót og færði náttúruvernd á Íslandi til nútíma og í átt til þess sem tíðkast í öðrum löndum.

Við tökum undir þau efnisatriði sem koma fram í greinargerðum félaga og samtaka svo sem Náttúruverndarsamtaka Íslands svo og vandaðar, rökstuddar athugasemdir Ólafs Páls Jónssonar, Marðar Árnasonar o.fl.

Við skorum á Alþingi að leita sátta og samráðs við þá sem unna íslenskri náttúru og þá sem hafa hagsmuni af því að vel sé gengið um náttúruna, svo sem aðila í einni stærstu atvinnugrein þjóðarinnar, ferðaþjónustunni. Jafnframt minnum við á að náttúra Íslands er ekki bara okkar, heldur einnig afkomenda okkar og heimsbyggðarinnar allrar. Þess vegna er mikilvægt að nútímaleg náttúruverndarlög gildi hérlendis.

Virðingarfyllst,

Sigrún Helgadóttir,
Líf- og umhverfisfræðingur

Ólafur S. Andrésson
prófessor

Þverási 21, 110 Reykjavík